

# Lög Badmintonfélags Hafnarfjarðar

## I. Nafn, heimili og tilgangur

### 1. gr.

#### *Um Badmintonfélag Hafnarfjarðar*

Félagið heitir Badmintonfélag Hafnarfjarðar, skammstafað BH. Heimili þess og varnarþing er í Hafnarfirði.

### 2. gr.

#### *Tilgangur félagsins*

Tilgangur félagsins er iðkun hvers konar íþrótta, sem landslög heimila, og að efla áhuga almennings á gildi íþrótta.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með stofnun og starfrækslu íþróttadeilda, einni í hverri grein, eftir því sem félagsmenn kunna að óska, undir sameiginlegri aðalstjórn félagsins. Aðalstjórn skal aðstoða við stofnun nýrra deilda og gildir stofnfundur, sem haldinn er eftir reglum aðalfunda deilda.

Stofnun nýrrar deildar í félagið skal borin upp til endanlegs samþykkis á næsta aðalfundi félagsins eftir stofnun hennar eða á sérstökum aukafundi sbr. 4. mgr. 6. gr.

BH starfar að öllu leyti sjálfstætt og skal vera hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð og gæta jafnræðis og jafnréttis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum BH og njóta réttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

### 3. gr.

#### *Aðild að félaginu*

Félagi getur hver sá orðið, sem þess æskir og samþykktur er af meirihluta stjórnar þeirrar deildar, er hann óskar að starfa í. Heimilt er að ganga í fleiri en eina deild félagsins. Ennfremur er heimilt að gerast félagi, án þess að vera skráður í sérstaka deild og fjallar aðalstjórn þá um mál þeirra félaga, sem deildarstjórn væri. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega deildarstjórn, eða aðalstjórn, ef félagi er ekki meðlimur deildar, og skal hún tekin til greina, ef félagi er skuldlaus.

### 4. gr.

#### *Árgjald*

Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skal sjá um innheimtu þess og skal það renna í aðalsjóð félagsins.

Sérhverri deild félagsins er heimilt að innheimta af öllum meðlimum hennar sérstök æfingagjöld. Þessi gjöld skulu standa undir kostnaði vegna æfinga og þátttöku í keppni á vegum deildarinnar.

## **II. Aðalfundur félagsins**

### **5. gr.**

#### **Aðalfundur**

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir júnílok ár hvert. Til aðalfundar skal boða á tryggilegan hátt með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef minnst helmingur skráðra kjörinna fulltrúa skv. kjörbréfi mæta. Hverri deild ber að skila kjörbréfum yfir fulltrúa sína.

Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins.
4. Lesnir og skýrðir endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Aðrar tillögur.
7. Ákveðin árgjöld.
8. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun næsta starfsárs.
9. Kosinn formaður.
10. Kosnir aðrir stjórnarmenn.
11. Kosnir tveir skoðunarmenn.
12. Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða, séu ekki önnur undantekningarákvæði í lögum þessum. Falli atkvæði jafn skal kosning endurtekin og fáið þá ekki úrslit ræður hlutkesti.

### **6. gr.**

#### **Um framkvæmd aðalfunda**

Allir lögmaður félagsmenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi á aðalfundi félagsins. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

1. Stjórn félagsins.
2. Fulltrúar deilda kjörnir á aðalfundum þeirra, 1 fyrir hverja 15 félag, þó aldrei færri en 1 og aldrei fleiri en fimm.

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum þess, þegar undan er skilið ákvæði um fasteignakaup og sölu, sbr. 5. mgr.8. gr.

Skylt er aðalstjórn að halda aukafund félagsmanna, sem til skal boðað með sama hætti og til aðalfundar, ef krafa um slíkt kemur fram frá meirihluta deildarstjórna, enda tilkynni þær um leið fundarefni það, sem þær óska að rætt verði. Aukafundur hefur sama vald og aðalfundur, nema þar fara hvorki fram lagabreytingar né stjórnarkosning.

**7. gr.**  
**Reikningsár félagsins**

Reikningsár félagsins og deilda skal vera almanaksárið. Reikningar félagsins skulu liggja frammi viku fyrir aðalfund.

**III. Stjórn félagsins**

**8. gr.**  
**Aðalstjórn**

Aðalstjórn fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Henni ber að efla félagið og gæta hagsmuna þess út á við sem heildar. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess í stórum dráttum í samráði við deildarstjórnir. Aðalstjórn skipar trúnaðarmenn í nefndir félagsins og á vegum þess, nema þá sem um getur í 11. gr.

Aðalstjórn er heimilt að skipa sérnefndir svo sem húsnefnd, skemmtinefnd, fjáröflunarnefnd og aðrar, er henni þurfa þykir. Starfstímabil þessara nefnda skal aldrei vera lengra en fram að næsta aðalfundi félagsins.

Alla sjóði félagsins og peningaeignir skal ávaxta í banka, sparisjóði eða viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Kaup og sala fasteigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar.

Aðalstjórn einni er heimilt að víkja einstaklingum úr félaginu, telji hún að framkoma þeirra hafi verið vítaverð og félaginu til vansa.

Ályktanir stjórnar eru bundnar meirihluta atkvæða stjórnarmanna.

Kjósa skal minnst 3 og mest 5 stjórnarmenn í aðalstjórn, ásamt einum fulltrúa frá hverri deild. Aðalstjórn sér um daglegan rekstur félagsins. Fundi aðalstjórnar skal halda eins oft og þurfa þykir. Aðalstjórn hefur heimild til að ráða starfsmenn eftir þörfum hverju sinni.

**9. gr.**  
**Fundir stjórnar með deildum**

Aðalstjórn félagsins skal halda fundi með formönnum hinna einstöku deilda þegar tilefni gefst til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári fundi með öllum formönnum deilda saman. Á fundum þessum skulu deildarformenn gefa skýrslu um starfsemi deildanna og stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi og áform á vegum félagsins.

Aðalstjórn félagsins er skylt að hafa eftirlit með fjárreiðum deilda og er heimilt að krefja stjórnir deilda um rekstraryfirlit og greiðslustöðu þegar ástæða þykir til. Stjórnin skal ákveða með hvaða hætti þessu ákvæði verður framfylgt.

## **10. gr.**

### ***Verulegar fjárhagsskuldbindingar***

Allar mikilsháttar og verulegar fjárhagsskuldbindingar og samninga ásamt fjárhagsáætlunum skal bera undir samþykki aðalstjórnar. Verði misbrestur á þessu firrir félagið sig allri ábyrgð á skuldbindingunni og eru þá þeir einstaklingar sem hana framkvæmdu persónulega skuldbundnir. Aðalstjórn áskilur sér þá rétt til þess að hafa afskipti af stjórnun viðkomandi deildar.

## **IV. Deildir**

### **11. gr.**

#### ***Aðalfundir deilda***

Aðalfund deilda skal halda fyrir maílok ár hvert. Kosningarétt hafa rétt skráðir félagar sem náð hafa 16 ára aldri og kjörgengi hafa allir rétt skráðir félagar, sem orðnir eru 18 ára að aldri. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara á tryggilegan hátt. Er hann lögmætur ef 10 félagar mæta, eða 50% af lögmætum félögum, séu þeir færri en 20. Dagskrá aðalfundar skal vera svo:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
3. Lesnir og skýrðir rekstrar- og efnahagsreikningar fyrir síðasta almanaksár.
4. Lögð fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Kosinn formaður.
6. Kosnir aðrir stjórnarmenn
7. Kosnir fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund félagsins.
8. Önnur mál.

### **12. gr.**

#### ***Um stjórnir deilda BH***

Stjórn deildar skal skipuð fimm eða sjö einstaklingum. Skal formaður kjörinn sérstaklega og skriflega ef fleiri en ein uppástunga kemur fram. Hinir fjórir/sex stjórnarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum sem hér segir: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur.

Stjórnin er kjörin til eins árs í senn. Falli atkvæði jafnt skal kosning endurtekin og fáist ekki þá úrslit ræður hlutkesti.

Deildarstjórn skal vinna að eflingu þeirrar íþróttagreinar, er deildin hefur verið stofnuð til.

Stjórnir deilda skulu skipa ungmennaráð skipað a.m.k. þremur iðkendum deildarinnar. Fulltrúar ungmennaráðs skulu vera 25 ára eða yngri. Einn fulltrúi ungmennaráðs hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum deildarstjórna.

**13. gr.**

***Vanræksla aðalfundar deilda***

Vanræki deild að halda aðalfund fyrir tilskilinn tíma, sbr. 11. gr., skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Fundurinn er þá lögmaður, hversu fáir félagar sem þar mæta.

**14. gr.**

***Um daglegan rekstur deilda***

Stjórnir deilda hafa hver um sig sérstakan fjárhag, ráða íþróttakennara, þjálfara og starfsmann og ákveða laun þeirra, annast daglegan rekstur deildanna, sjá um íþróttamót, er hverri grein heyra til, svo og þátttöku iðkenda í mótum þeim, er ákveðin er þátttaka í. Deildir eru þannig sjálfstæðar, nema sbr. 10. gr., og hafa tekjur af æfinga-og félagsgjöldum sínum, mótum þeim er þær halda, svo og eftir öðrum fjáröflunarleiðum, er deildarstjórnir ákveða í samráði við aðalstjórn félagsins. Haldnar skulu gjörðabækur um ársstarfið, fundi, keppnir og annað sem deildin tekur sér fyrir hendur. Skila skal starfsskýrslu deildar fyrir liðið almanaksár ásamt reikningum fyrir sama tímabil til stjórnar félagsins í mars ár hvert.

**15. gr.**

***Deildarskrá***

Halda skal skrá yfir alla féлага og iðkendur deildarinnar í samráði við aðalstjórn félagsins. Deildarstjórn ber að fylgja reglum aðalstjórnar um skil á bókhaldsgögnum og fylgja ákvæðum 10. gr.

**16. gr.**

***Uppgjörstímabil deilda BH***

Uppgjörstímabil deilda miðast við almanaksárið.

**V Önnur ákvæði**

**17. gr.**

***Um heiðursfélaga BH***

Heiðursfélaga má kjósa og skal þeim afhent heiðursfélagaskjal. Heiður þessi er sá æðsti er félagið veitir. Aðalstjórn félagsins kýs heiðursfélaga. Heiðursfélagar hafa öll réttindi félagsmanna, eru gjaldfríir, en verða að hafa náð fimmtugsaldri.

Eftirfarandi heiðursmerki má veita og skal þá fara eftir sömu reglum og gilda um kosningu heiðursfélaga að undanskildu ákvæði um að hafa náð fimmtugsaldri og því að vera gjaldfríir.

1. BH merki úr gulli, fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, svo og erlendum og innlendum aðilum, sem sérstök ástæða þykir til, að heiðra.
2. BH merki úr silfri fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Heimilt er að veita hverri deild fyrir sig leyfi til að hafa eitt sérstakt heiðursmerki. Skal merkið og reglur fyrir veitingu þess, háð samþykki aðalstjórnar. Að öðru leyti hefur deildin öll umráð yfir veitingu þess.

### **18. gr.** ***Niðurlagning deilda***

Hætti íþróttadeild störfum, skal afhenda eignir og skjöl hennar aðalstjórninni. Taki deildin ekki aftur til starfa innan 5 ára, skulu eignirnar renna í sjóð aðalstjórnar félagsins. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar.

### **19. gr.** ***Lagabreytingar***

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

Tillögur um lagabreytingar, sem óskast teknar fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist aðalstjórn fyrir 15. janúar ár hvert. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar stjórnnum allra deilda innan félagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Tillögur til lagabreytinga skulu tilkynntar jafnframt aðalfundarboði og skulu félagsmönnum heimilar til athugunar hjá aðalstjórn 7 dögum fyrir aðalfund.

### **20. gr.** ***Um slit***

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst helmingur félagsmanna sækir fundinn og tillagan fær gildi ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja hana. Mæti ekki nægilega margir skal boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja hana.

Hætti félagið störfum skulu eignir þess renna til Hafnarfjarðarbæjar.

Lög þessi öðlast gildi þegar ÍSÍ og stjórn ÍBH hefur staðfest þau.

Þannig samþykkt á aðalfundi Badmintonfélags Hafnarfjarðar 19.mars 2024.

Staðfest af ÍSÍ 11.apríl 2024 og ÍBH 8.maí 2024.